


Nýhill  
2002

KÁPA: Knútur



HEIMSENDAPESTIR  
EÖN

---



**HEIMSENDAPESTIR**

---

Eiríkur Örn Norðdahl

# HEIMSENDAPESTIR

*Heimsendapestir*

© Eiríkur Örn Norðdahl 2002

kolbrunarskald@hotmail.com

Ritstjórn: Haukur Már Helgason  
Umbrot: Viðar Þorsteinsson  
Hönnun kápu: Halldór Arnar Úlfarsson  
Fyrirsæta á bakkápu: Hrafnkell Brynjarsson  
Fjörlitun: H-prent

Útgefandi: Nýhil

Nýhil  
Reykjavík 2002

## Káputexti

Eiríkur Örn Norðdahl, fæddur 1978, ber nú ábyrgð á bestu tíðindum íslenskrar ljóðlistar frá því við lærðum að lesa – bókin sem þú hefur í höndum hrekkur upp úr sömu helvítis gjótunni og værðarlúsin skreið áður oní til að búa sér ævikvöldið eftir að hún hafði tröllriðið veröldinni, gengið að ástríðunum dauðum og síðast sjálfrí sér – bókin stekkur upp á velli í fullum herklæðum drykkjumanns sem lærði fag sitt ekki í japanskri fornöld heldur íslensk-amerískum samtíma, stekkur og rekur upp ramakvein á iðjagrænum áður þöglum völlum – þar hefst ramakveinið þegar fagurlega nýskornum Eiríki er brugðið að þöglum, sætum sólargeisla svo hann brotnar í appelsínugulan Bronco, lillabláan himin yfir Noregi en rauð og svart, rauðt og svart.

Þú skalt lesa upphátt – enginn ætti að reka upp ramakvein þegjandi – ég mana þig að lesa upphátt úr bókinni jafnvel þó þú sért enn í bókabúðinni eða við hliðina á Eiríki eða á leiðinni heim og ef bókin titrar, titrar í vöðvunum og í beinum þér, jafnvel eftir að þú leggur hana niður og skolar af þér í baði ... „ – Nú á hún að gera það?“ – eða hef ég þegar sagt of mikið? A poem should not ... brothættu ljóð. – Nei! Kveðskapur Eiríks er ekki brothættur heldur tekur hann bæði tali, tónum og aðhrópunum. Eins og gotnesk kirkja sem rífur sig upp á grunninum, og gengur við staf, stígur þungt en stekkur upp og slær í hæl þegar síst varir því hún er kát þessi

skepna og sjálfri sér fegin, kálfurinn sem gleymdist inni á bás fram á sumar – kálfur undan kúnni sém syntí yfir Dýrafjörð þegar hún vildi ekki láta slátra sér, fyrsta ljóðabókin? Ekki sú blíðasta – blóðvolgt og organdi er fyrsta kvikindið úr skauti Nýhils. Fyrir hönd útgefanda og samferðamanna Eiríks óska ég honum og okkur til hamingju með þetta helvítis kvikindi!

*Haukur Már Helgason*

## Forljóð, grunntónn, þema

Sæll Mási minn

Fátt eitt skulum við hafa á hreinu, áður en lengra er haldið.

Munurinn á hagyrðingi og skáldi felst í markmiðunum, ekki útkomunni. Rétt eins og hausaverkarinn og fiskflakarinn vinna báðir með fisk, en annar býr til hundamat meðan hinn gerir mannamat. Ekki það menn geti ekki mett sig á hundamat, en haldi þeir því til streitu er eins víst að fljótt fari að bera á slappleika og fölva á húð. Ég fer ekki í neinar grafgötur með það að ég ber ekki meiri virðingu fyrir hagyrðingum en húsamálurum (þó mér þyki reyndar nokkuð mikil til þess koma að vinna við að brjóta hausa, það er eitthvað lúmskt sjarmerandi).

Þegar ég nefni sjálfan mig skáld, er ég að gera tilkall til eilífðarinnar, og eigi það að standa undir sér, verð ég að standa undir yfirlýsingunum. Kemur þar til að auki að ég viðurkenni enga póstmóderníska skrípaleiki; ég ætla að nauðga lesendum mínum í augntóftirnar, og meina það öllum orðum. Ef ég segi: Æ, ég er nú bara eitthvað svona, en ég yrki. Þá hef ég engar væntingar til sjálfss mín, engar væntingar að standa undir. Ég skil ekki hvernig það getur verið flótti að leggja til atlögu við Ginsberg, Eliot, Whitman og Steinarr. Samkeppnin er hvergi harðari, og það þarf einstaka sál til að lýsa þeim striði á hendur.

Ég er aukinheldur haldinn mikilmennskubrjálæði, eins og þú sjálf sagt veist. Ég held þó ekki að ég sé svo infisteraður að ég standist það ekki, til lengri tíma litið.

Hvorutveggja tel ég lífsnauðsynlegt, að skrifa af lífrænni þrá (og þá gefa út það sem bitastætt er, ég sé enga ástæðu til að gefa út leiðindi), og hitt að nostra. Nostrið er að safna í sarpinn. Eignast vitneskju um að maður vilji eitt, því það er betra en annað. Það er hætt við að menn gleymi að einbeita sér í greddunni. Þeir gleyma því líka oft að sjálft séní hins ósjálfráða prósa, Jack Kerouac, hafði gefið út 1500 blaðsíðna einbeittan doðrant þegar hann hellti sér í frelsið. Hann hafði, svo að segja, staðið sína pligt, gengið í gegnum two algera skóla: Agaðar skriftir, og lífshætti þess sem ákveður að lífið geti víst verið kúl. Farið ofaní svartholið, og komið út einhverstaðar í tóminu. Skammtafræði, eða eithváð.

Ég ætla mér ekki að vera neinn meðaljón. Það kemur ekki til greina, hvorki í Berlín né á Íslandi. Það er reyndar rangt að segja að ég sé í striði við Eliot og Ginsberg, ég á miklu heldur í striði við Eyðilandið og Ýlfur. Í striði við Tímann og vatnið, og Song of the Open Road. Það er sagt að miði maður á tunglið, nái maður hærra en skjóti maður beint fram fyrir sig. Svo er líka að sagt að þeim mun hærra sem maður fljúgi, þeim mun lengra sé fallið. En jæja, ég býð þá bara uppá það. Ég skal þá bara falla og brenna upp í gufuhvolfinu, eða ef örlögin ætla mér, það hlutskipti, þá skal ég springa í flugtaki. En ég ÆTLA að leggja af stað. Fjandakornið hafi það, ég er lagður af stað. Andskotinn hafi það.

Síðan þeysti Egill upp úr sér spýju mikla og gaus í andlit Ármóði, í augun og nasirnar og í munninn, rann svo ofan um bringuna.

(*Egils saga*)

**1. lota**

## Blótað

(Niður árinnar, tvö aðskilin ólik hljóð; löng grönn grenitrén teygð upp um jörðina að norskum lillabláum himni barnslegum eins og hjalið upp úr landsmönnum)

Í gærkvöldi stóð Pan í kofanum hjá mér og hlyjaði sér við eldinn af vörum kabyssunnar – ég stökk í nið árinnar því ég var drukkinn og leiður á stöðnuðu blóðinu í æðum mér – og nú er Pan stunginn af, situr sjálfsagt í felum milli trjánna með flautuna lafandi milli lappanna og bíður þess að nótin slái takt í trén svo striða megi mér að nýju.

Verði dans! verði söngur! verði drykkur! Hér er bokka! – verði bokka! – það er bokka, segi ég og veit ekki betur en mér sé gott þar sem ég klóra mér í hvirfilinn kroppa í hamfarir flautuleikarans; Dans, söngur, og hér er mey sem ætlar að leyfa mér að leggja sig ef ég drepp mig við brjóst hennar enn eina nótt.

Á meðan vil ég bara vera niður árinnar, ég vil bara teygja mig upp um jörðina og brenna í kabyssunni, láta blása mér útum flautuna, og ég vil bara lifa að sjá morgunsárið! Lifa af að sjá morgunsárið.

## ... og orðið var Clint

Öllum að óvorum  
reið haikan um sveitir  
með allt á hornum sér,  
búin beittum eggjum,  
og tók að höggva bragarhætti  
hægri vinstri.

Í minni pokann létu  
kynstrin öll af atómljóðum,  
höfuðstafirnir vegrir með veggjum  
blæddu stuðlum um stríðuppann.

Kviðlingur einn um ástina  
laugaði hvarma sína,  
einmana á skítugum bedda  
skittur út næturgreiða,  
lygin var megn og  
hann dó þrátt fyrir það.

Máttugustu ljóðabálkar  
– jafnvel allsráðandi dellur –  
lágu út úr sér iðraðir,  
augljósir, drepnr æ ofaní dagsins aí,  
jafnvel þeim var ekki eirt lífs.

Hliðstæður, andstæður,  
endurtekningar,  
merkingarleysur, stúfar,  
uppskafningar  
og lágkúrur  
stundu í takt við  
gný dauðans  
þegar húsum reið  
japanskur bragarháttur  
með krosslagða fætur,  
eitt orð yfir annað  
af allt að því óskammfeilinni  
Ró.

Síðust féll haikan sjálf á hnén,  
rak upp stríðskvein,  
lyfti sveðjunni hátt yfir höfuð sér,  
og rak sig í gegn.

# ESJAN (með allt á hornum sér)

I

Snemma morguns þegar drykkjunni lýkur skríðurðu heim niður hlíðarnar og skjálfandi (hvers konar eiginlega helvítis skáld höndlar ekki nokkura daga drykkjutúr???) – þegar ég mæti aftur til vinnu viku síðar nýrakaður baðaður geðklofinn og sofinn kurteis bendi túristunum á fjall sem frægur Íslendingur reisti hér í denn, nýkominn úr fyllerüstur frá Noregi, reisti fjall og reið sjálfum sér í rassgatið með því –

Ekkert gamanmál þetta að ganga upp í mótt með bokkurnar á bakinu uppljómaður framkvæmdum upp hjalla þessa glaða fjalls – Við kyldum hvor annan í mesta bróðerni, frussuðum hvor á annan í mesta bróðerni, ultum niður brekkurnar og lágum hálfgrátandi við fjallsrætur öskrandi ástaryfirlýsingar í mesta bróðerni – klífum ekki fjöll því okkur líður betur sitjandi en standandi og beinlínis herfilega gangandi uppímót,

(Robert Bly mælist til þess að karlmenn skeytí skapi sínu á jörðinni en skilur ekki að eigi höggin að innihalda merkingu verða þau að skella á kjömmum þeirra sem okkur þykir vænst um – okkur verður að standa á sama)

Vindurinn rekur ekki kýrnar heim það verðum við að gera sjálfir vindurinn rekur öldurnar upp bæjarlækinn gefur landinu gúmorren og hvæsir „Þú lítur út eins og róni! Hvað á ég að fara með þig svona

útlítandi? Sjálfur treysti ég mér ekki inná Kaffi Austurstræti“ skrúfar niður bílrúðuna veifar keyrir aftur heim það rýkur úr púströrinu eins og salti núið í sárið,

– (eftir situr þú og enginn til að keyra þig heim)

Og þér líður eins og Anton Helgi hafi ort þig, kjánalegt að vera ljóð en ekki sköpunarverk vera fjall en ekki málverk víðáttubrjálað mar og ísaldarbólga á kinnbeini landsins – uppí rassgatinu á íslenskum víkingi! strand úti á landi!

II

Komdu uppí sveit kysstu brönugrösin og drekktu te úr grjóti því Stúlkur borgarinnar eru bara gulir slekipinnar þegar sól rís og ég rís bara svona líka stæðilegur á fætur með geirvörtur í augunum – út af barnum sem er yfirgefinn eins og fjöllin – hleyp út og sting mér oní gjótu til að vera þar alltaf núna – kem aldrei aftur – ég nálgast aldrei dyrnar að kompunni minni án þess að gnísta tönnum þess sem vildi sjá endalok næturinnar önnur,

Aftur til náttúrunnar, sný aftur til náttúrunnar og ligg á hnjánum eins og Whitman: dái fíngerð blöð yðar ó Náttúra þegar tíu sentimetra hátt vatnsfallið glutrar sér milli grjóta – rúlla mér upp á tvo fætur í svefnþokanum og hoppa samfættur fyrir hornið til að vera

viss; vera viss að ég sé nú einn nema svanirnir og nema blaðlúsin og vatnsfallið nema rólegheiturnar og nema grasmaðkurinn og moldin og nema tunglið nema ég.

## Orgía um vor

Ljúfa ljúfa elска, er fagurgalinn berjabróðir blómavinur skríkj og tvítt-tvít svíff höndum þöndum bít greinar af elsku syng á haus undir söðli og tvítt-tvít undir greinunum og tvítt-tvít í mosanum og tvítt-tvít-tví!!!!!! ég er galinn-galinn með laufgaðan sprota í limsstað hanagalinn skýt honum í moldina og blómgast og sprett svo sæði drýpur af blöðum tví!!!!!! úr jörðinni tví!!!!!! vaxa galnir fagurgalar með fagurlaga geislabauga úr spansk-grænu um fingurna tvítt!!!!!! vængi!!!!!! og sofum öll þreytt eftir asnaskap og amstur sofnum sofum sofið vöknum fagurgalnir á þöndum höndum.

## [Nafnlaust]

Í litlum bæ  
er lítið hús  
lítið hús  
lítið hús.

## Sendibréf

Systir, sannlega segi ég þér:

Orðin eru eins og englar í höfði mér, djöflar og væringjar, sem drepast úr tæringu á lyklaborðinu; ég sakna myrkursins frá því í veturn, Einhver hefur hleypt pörunum lausum nú í vor, því þau kastast rjóð eftir tjörninni með lappir uppí loft og limina máttlausá í þessari ást þessari angan nýrra blóma saman eftir tjörninni fyrir augum mér alltaf vor þó langt sé liðið á sumar,

Engillinn minn, stúlkán sem á að vera í parinu mínu, eftir tjörninni niður Hringbraut og uppí rúmið mitt, er þarna eftir tjörninni og niður Hringbrautina en villist einhverstaðar á leiðinni, heldur sjálfsagt að ég sé ekki hér, ætli henni sé ekki vorkunn greyinu, stór sæng sem ég sef undir í háa rúminu mínu bryndaður bríkinni voninni virðingunni minni,

Ég minnist ekki á þig, hvernig þú hafir það eða annað, á mér engan mannasið, hla-hlæ kannski þegar við hittumst loks í veturn vina, hla-hlæ og læt þig vita að mér þykir vænt um þig í skáldinu mínu og hjartanu mínu þó ég vilji kannski heldur gera annað; sjáðu ég get alls ekki logið!

Á orðið ekkert og hlýt að krefjast kraftaverks! uppljómunar! vitrana! Guðs! og hamingjum mér til handa! bestu menn vilja meina – mér er einna síst hlátur í huga – að allt sé mögulegt.

# Heimsendapestin

Frostrósir þiðna af lendum mér svo leysir niður læri og tær,

Ó hve dirrindýrðarlega dásamlegt að eiga heim, minn snjótittlingur er sólskríkja á ný! og valhoppandi míg ég á sölnuð sólblómablómin, brenni kornfleksgrasið með stækkunargleri svo reyklyktin rekur burt úr nösum mér fúna blauta glaðlega hjarðlykt vorsins – heimurinn er gamall sokkur í apríl, margistoppaður og stökkur undir fingri,

Á vorin hugsa ég um að drepa guði, og fæ standpínu eins og yfir dásemardapurri draumsnauðri mellu eða stelpu sem er bara að biðja um það (ekki eins og ég sé ástfanginn, heldur eins og eitt-hvað sé að mér),

Veröldin er ljúf og ég er ekki sem verstur ógirtur og soginn af sólblómabréum – væri mér gert að vera blóm, yrði ég vatnalilja með froski sem skýtur rótum í vatnsbotn og slitnar eins og í brúðumyndinni um Þumallínu – auðmýkt – lífið snýst um að sýna auðmýkt!

Að lokum hlýtur einhver að hafa fengið nóg, þeir tætluðu vorið – frekjulega og stjórnlaust (eins og þeir væru bara að sýna sig) – og klufu það í eindir sínar [Kristur reif sig lausan af krossinum, lét sér blæða út á kirkjugólfinu, sagðist hafa fengið nóg] og sumardagurinn fyrsti rann upp með brjálstormum hríð og fjúki, leit ekki dagsins ljós fyrir óveðrinu,

Nú dansa englar í kornfleksgrasinu. Nú dansar blóðugur mannssonur við mannanna börn. Nú dansar hvert dirrindí.

# Skáldatími

(fyrir nosotros)

Hvað með að  
liggja í rúminu  
í dag?

Liggja bara með  
tærnar uppí loft,  
og vera ekki  
einu sinni skáld  
í einn dag í dag.

Tek af mér  
sixpensarann  
og set' ann á  
náttborðið,  
hef ekki áhyggjur  
af því að  
ég skrifi!

Stórfenglegt!

Mér líður mikið  
betur.

Eins og blóm að vori  
maður kominn undan  
vetri skáldsins!  
Maður á ný!

Kreppi mig  
saman ofaní sængina  
hjúfra mig og  
manndæmist,  
krulla uppá tásurnar

(ég er annars með svo  
stórar tær að það verður að  
teljast meira en lítið vafa-  
samt að kalla þær tásur)

Og þegar ég velti  
mér á hina hliðina  
dettur mér í hug  
hvort það sé  
þess virði að vera  
ekki skáld lengur.

Það viðurkennist að  
ég hef fjárfest ansi  
ótæpilega í skáldinu mínu,

keypti fyrir nokkrum árum  
hatt fyrir vestan.

Hafði fyrir því að  
finna eina kvistherbergið  
í Reykjavík þar sem  
hvorki er boðið uppá  
baðaðstöðu né  
internetaðgang.

Hef hent öðrum hvorum  
sokki, svo ekki geti það  
gerst fyrir tilviljun  
að ég klæðist  
tveim samlitum.

Pípan er loksins tilreykt,  
og ég státa stoltur af  
einhverjum fallegasta  
reykingahósta  
norðan Alpafjalla.

Svo lagðist maður í klæðnað skálða,  
stúderaði hatta og kápur,  
fann sig svo  
í hæfilegri blöndu

af Sjón og Degi Sigurðarsyni,  
blöndu sem minnir  
merkilega mikið á  
menntskæling úr  
vesturbænum.

(sjálfsgagt var þetta eitthvað  
vanhugsað hjá mér)

Ég á mér líka fortíð  
(dökka dökka fortíð,  
voða sjúkar ástarsorgir og  
óimunnberanlegar drykkjutarnir).

Æ, mikil ósköp! Kannski maður  
fari bara frammúr skáld í dag,  
helli uppá Espresso Altura.  
Tendri reykelsi  
og líti í góða bók.

**2. lota**

## [Nafnlaust] nr. 2

Suma daga er  
ekkert að gera  
utan að mála þakið  
á húsinu sínu  
rautt ofaní  
rautt.

## Andstuttur

Ég var þriggja ára,  
og sat í tröppunum  
yfir eldavélinni.

Mamma hrærði  
í pottunum,  
þá var hún enn  
hávaxnari en ég  
og hún var með  
sítt brúnt krullað hár.

„Hvers vegna ertu svona  
andstuttur, drengur?  
Varstu að hlaupa  
uppi á lofti?“

„Hvað er andstuttur?“ spurði ég.

„Það er þegar maður  
andar of hratt, vinur.“

„Hvað er anda?“ spurði ég.

„Það er svona:“ hún dró  
djúpt að sér andann.

Ég hermdi. Hvumsa.

„Það anda allir,“ sagði hún.  
„Ef maður hættir að anda  
deyr maður.“

Í tuttugu ár  
hef ég haldið því  
fyrir sjálfan mig  
að ég dró ekki  
andann fyrr en  
þriggja ára.

## **Bróðir minn**

Nafli, sagði ég  
og lyfti upp náttreyjunni  
svo glytti í gripinn.

Hann tók bakföll  
af hlátri,  
lamaður  
eitt stundarkorn,  
en snarjafnaði  
sig strax og  
naflinn hvarf  
aftur undir  
treyjuna.

Nafli, endurtók ég . . .

## **[Nafnlaust] nr. 3**

Það lýsir innum gluggann minn  
köldum sumardegi kastað gegnum  
rúðuna.

Ég sé niðursuðuverksmiðju  
sem fór á hausinn og börn  
að leika sér.

## Bróðir minn (e)

Bróðir minn komst í kast við lögin,  
braut rúður í slökkvibíl.  
Pabbi kom askvaðandi inn á stöð  
beint úr vinnunni  
tók drenginn í faðm sér  
og sagðist skyldu slá allar löggurnar í rot  
ef þær létu sér nokkurntímann detta í hug  
að angra fjölskylduna aftur.

Stuttu seinna stal ég klámlaði úr bókabúð  
í trausti þess að pabbi stæði  
við gefin loforð.

## Bókstafstrúarhræðsla

Þegar ég síðan hætti að borða kjöt  
gerði mamma bara  
meira af meðlæti  
en pabbi sagði  
að ég yrði að passa mig  
því annars gæti ég  
endað í sértrúarsöfnuði  
eða hlekkjaður  
við kjarnorkuver  
eða eitthvað  
þaðan af verra.

## [Nafnlaust] nr. 8

Án þess að vita það  
án þess að nokkur vissi það nema ég  
lá ég á rúminu sem hún kom undir í  
meðan systir míin  
reyndi að útskýra  
fyrir foreldrum okkar  
að hún væri með barn í mallanum.

## [Nafnlaust] nr. 9

Mig minnir að  
við höfum alltaf  
staðið saman.

En það gæti hafa verið  
til að finna  
– hvor á öðrum –  
betri höggstað.

**3. lota**

## Varir skáldsins

(tileinkað Besta Vini Ljóðsins)

Öskrum svo hátt að yfirgnæfi ljóðið!

Að skálđið þagni  
myndlíkingin deyi  
stuðlar falli í höfuðstafi  
því tíminn og rímið  
eru ekki rétt gerð  
(hver hefur rúm  
fyrir tíma og rím?)

Öskrum svo hátt að yfirgnæfi ljóðið!

Orðin hljóma ekki lengur  
eins og ég meini þau;  
drukkna í suttungamiði  
ældum af vörum skáldsins  
sem yrkir ljóð  
eins og hann reiknar  
og lesandinn tekur fyrir  
nefið því hann veit betur  
en játar það ekki fyrir  
nokkrum manni.

Öskrum svo hátt að yfirgnæfi ljóðið!

Kórónum svo verkið:  
kljúfum bókmenntafræðinginn  
í herðar niður  
fleygjum ritsjóranum  
fyrir ljónin  
og brennum allan  
kveðskapinn.

## Æsingaræða

Mér er afskaplega mikið niðri fyrir  
og er undir það búinn að grípa til örþrifaráða.

Leitið ekki fróunar í ljóðum mínum.

Ég krefst þess að vera tekinn alvarlega.

Rimbaud sagðist hafa misst sveindóminn með hundi.

Sjáið fyrir ykkur stríðhærðan unglínginn ríða hundi: Hundurinn engist  
og ylfrar. Honum blæðir innanísér, innanísig. Fyrirmyndarnemandinn  
Arthur grettir sig þegar hann fær það.

Dýraklám hreyfir við fólk. Vona ég.

En svona í alvöru. Reynið að sjá þetta fyrir ykkur: Kona að æla þrundi úr  
hesti. Þetta er ógeðslegt. Ég er að reyna að gera ykkur skiljanlegt að  
heimurinn er viðbjóðslegur staður. Fólk deyr, og margt þeirra fyrir aldur  
fram.

Þið eruð enn ekki farin að taka mig alvarlega. Ég er að hugsa um að rífa  
úr ykkur tunguna og míga niður kokið á ykkur. Þið eruð ógeðsleg.

## Það er skuggsælt bakvið skítinn

Sundurslitnar keðjur af fingurkjúkum  
þurrar bryggjustultur  
blekpenni úr gegnheilu tré  
og dauður maður í léreftspoka  
(hann var ótukt hvort eð er)  
og ég skúra gólf mér til lífsviðurværis.

## Lausaleiksdrulla – drullan sem fyllti mælinn

Vatnið er blautt í dag,  
og það er góður dagur til að  
brenna sálir  
kveikja elda.

(Pervert! Pervert!)

Þó við rifum allan heiminn upp á rótunum,  
og fleygjum öllu draslinu í ruslið,  
bendir einhver fljótlega  
á að vatnið sé aftur blautt  
(hafi það nokkrusinni  
hætt að vera blautt).

(Pervert!)

Nei annars

brennum ekki sálir  
kveikjum enga elda  
þeir loga hvort eð er illa  
í blauðu vatni.

(Pervert!) . . .

# Gull

Æ ólund og angist og öfund og  
annað.

Allt hvað af tekur!  
allt hvað af tekur!

Hvar eru þau gullin míن kvenna  
gullin míن gullið mitt  
– mitt guðið mitt gauðið mitt?

Ó minn æri, upp læri læri  
ljóðin míni, meðan þjóðin  
mín, afskipta þjóðin míni  
bandar út höndunum  
bullið mitt bullið mitt hvar geymist bullið  
mitt betur en hér kæra kvendi  
kona og þjóð.

Og svo hærra  
yfir fjöllunum  
fjarskana dölunum  
djúpunum,  
Hærra!

Hrópið hærra!

Burgeis og þó og þý og  
þú á spena  
gullsins míns bullsins míns!

Bandarandabýbý – jájá elsku gullið mitt gullið mitt  
ég skal geyma guðið þitt  
ef þú vilt reisa krossinn minn  
hnýta allan lárvið og párvíð  
um skápinn í skáldinu  
með gullið í bullinu.

# 19du aldar rómantík fyrir þá sem misstu af henni – sagan af því þegar Jónið slapp

Kysstu mig  
segir hann  
með augunum.

Kyssa þig  
með augunum?  
sprýr hún þá.

Hann hikar:

Sko, það sem ég á við er . . .

Snýr sér:

Strákar,  
sjáiði þetta!

Hann stendur á fætur.

Stígur uppá stól.

Stingur sinni teskeiðinni upp hvora nös.

Hoppar á einum fæti.

Gerir spilagaldra.

Talar afturábak.

Og setur loks vinstri lófa í hægri handarkrika skellir  
niður olnboganum svo úr verður: „prump“ við mikinn  
fögnumið viðstaddir.

# Glóran

Af lestarstöðvum  
á lestarstöðvum.

(var ég drukkinn?)

Frá einni konu  
til annarar.

(þessa línu orti ég ekki – það var annað skáld).

Flytjist maður  
búferlum  
milli landa  
fyrir stúlku  
(bara stúlku  
ekki ástmey)  
er viðbúið að  
maður finni  
aldrei aldrei  
aldrei aldrei  
aldrei aldrei  
aldrei aldrei

aldrei aldrei  
aldrei aldrei  
aldrei aftur  
glóruna.

## Ástarljóð

Ég sat flötum beinum  
með hönd undir kinn  
í lautartúr á gólfinu  
át sardínur með  
fingrunum  
og stúlkum á hnijánum  
í geirvörtum.

Sólin glutraði  
sér innum gluggann  
minn grönnum  
værum taumum  
gullnum um  
freknóttu hásakotið hennar  
ástmeyjar minnar;  
það var brauð að brjóta  
og ég saup úr kaffibolla  
dýrsilfrað hvítvín og  
þessa stund þarna  
þessa stund þegar  
rauða rauða hárið hennar  
nam við gólf.

## Edda

Föstudag fyrir tveim vikum fór ég til Reykjavíkur. Með mér í flugvélinni var strákur, vinur hans Vals bróður. Ég sníkti af honum eld fyrir utan flugstöðina, svo flugum við til Reykjavíkur. Ég elti hann út úr flugvélinni. Ef ég hefði haldið áfram að elta hann í svona rúman sólarhring, hefði ég kannski líka verið barinn til dauða fyrir utan Spotlight. En ég er sá sem slapp. Ef ég hefði farið með Mella til Palestínu, er líklegt að ég hefði verið með honum og við verið handteknir saman. En nei, aftur er ég sá sem slapp. Ef ég hefði aldrei kynnst Amöndu, væri ég kannski kennari í Afríku. Ef ég hefði aldrei hatt með henni, væri ég kannski giftur maður í Texas með barn á leiðinni. En, nei, ég er sá, akkúrat, ég er hann hinn sem slapp.

Lífið er bara of fullt af svona hlutum til að þetta geta orkað á mann sem ljóð. Maður er alltaf í einhverjum svona kringumstæðum. Á morgun kemur Melli heim, og vinur hans Vals verður grafinn á sunnudaginn.

Hún kom erlendis að  
langa vegu  
til að borða fiskinn minn  
landsins míns með  
fingrunum og mér,  
hvítvín og snittur;  
ég hélt ég elskaði hana  
(en maður gleymir svo fljótt)  
og kannski elskaði hún mig líka.

Ég kyssti hana á kinnina  
strauk henni um vangann  
og setti typpið mitt uppí  
hana og inní hana, og hún brosti  
brosinu sínu bliðasta,  
eins og fyrir kurteisissakir.

## Maður ríður vini sínum

Vegurinn rennur undan mér  
og ég renn með rútunni.

Ég er orðinn svo vanur að fara  
að mér finnst ég  
varla hafa verið  
nokkurstaðar  
lengur.

Ég var varla kominn út  
úr henni í morgun þegar  
ég þaut af stað  
– afkynlifaður, náði ekki að pakka –  
það er eitthvað fjári óréttlátt  
við að fá ekki burstaðar í sér  
tennurnar að morgni dags.

Og hér er ég mættur í nýtt land  
og hér er rúta utanum plussklætt rauðsæti  
og hér eru stórar rúður undir landslagið.

Hér er ekki jafn grýtt en svei mér þá  
ef trén eru ekki fleiri.

Ég sé ekki neitt fyrir trjátoppum.

Er það þá hingað sem ég er horfinn?

Í þetta skiptið?

Ekki það ég kvarti.

Þetta er ágætt.

Í gær drakk ég frítt  
í morgun svaf ég hjá  
og í dag er ég  
farinn.

## Öll Konan

Það er dagrenning í göturæsunum vætlar vatn; ég er atvinnulaus, léttur á því og ég elskar þig með hár úr þér vafið í naflakuskið – dreg hárið úr flækjunni, set það upp í mig bit í sundur og gleypi þó hvorki sé það gott né þægilegt,

Hún las aldrei bækur en hann þuldi fyrir hana valda kafla og góð ljóð – heilu vagnhlössin af húslestrum – hún sofnaði ekki annars heldur lá andvaka – henni blæddi stundum með augun blómguð; blæddi rauðsprungnum vakandi glyrnum drafandi svefnblálituðum vörum í morgunsárið og þegar eilífðin pírði augun sást merla á kistulokið maragrænt og jarðarfarsöngvar ræsktu sig – hún var ekki feig sjáðu til – þegar svartholið féll saman inní kulnaðar taugar nýhilistans, hins nýja sveins – féll þar tómið inní og um sjálft sig – og þau (tómin) gerðu ekki lengur upp við sig hvenær kona lifir og kona lifir heldur skelltu glösum framræstu blóði Appolons – því dó nokkru sinni kona? Ég man ekki lengur hyernig ljóðið endar . . .

Og hvað er ég svo við enda dags? þegar rokið hefur skriðið aftur oní gjallarhornið og nætur í lestum með konum á lendum eru alheimurinn og allt að rassskella skáldið með fjaðurbrúskum í indælu – það stirrir á blómið í hári þér – hunang, drýpur hunang og þú dóst ekki lengur heldur lifðir en þér leiddist stundum og veltir við steinunum í fjörunni hvar skrifað stóð í þarann: „Var hvað ekki hvenær hvers virði?“

Æið í lok mánaðar klýfur fjöllin í herðar niður með berum handarjaðri – andartak við andlok og kistan sunkar niður til helvítis – brennur viður brennur! maður brennur! kona! og augnablikið drukknar í eilífðinni þegar enginn drýpur höfði í sorg dýfir höfði í hafið þar sem hafið lognar og ruggar; rennur ekki því hvergi sést til lands, Það er ekki slæmt það er Gott og Gott og Gott – jafnvæl Betra svona fyrst á morgnana en síðar er náttar og maður/kona liggur eitt á koddanum í nýfallinni hordögg – því það er svo ljúft að gráta í myrkrinu þegar maður/kona heyrir ekki handa sinna skil fyrir skíitalykinni; æ það dropar á og gárar óþrifið dagstofugólfíð – Þvaður! Bull! Þvæla! Tvatl og ófrjóir spádómar! Gröf? eða Dauði? eða Eilífð? Ekki orð! Engin orð að ætlast minna skilninga tíma til að átta sig . . . Rug! Lærði aldrei að heyra þessi orð utan hugtaka aðal abstraksjóna (sé ekki í sjálfum mér hugsun, kem að landinu handan svartholsins þar er ekkert ég sé ekkert hafi ég nokkru sinni kunnað það kann ég það ekki lengur; erum við villtir, vinur? það er margt að hræðast en hafðu samt ekki áhyggjur því hér er hvorki ég né þú til að gera okkur mein).

– (deyðu)

Sagðist skyldu yrkja mig í örnum þínnum og elска mig í ljóðum þykk-púlsandi stríðljóðum enda heimsenda bara fyrir mig þegar ég var hjá þér – (hvíslaðu, hvíslum) – svo blikkaði ég augunum og þú tókst oní pig typpi og tessur með slef og sæði krampasafa orgasmíska gleði gleiða drusla niður kinn niður höku niður háls nið-

ur brjóst niður kvið oní nafla þar sem hvíldi hárið í naflakusk-inu . . .

– (hvíslaðu)

Hér er þrotinn dagur. Hér er síðasta orðið í ljóðinu sem enginn man hvernig endar. Hér er ég kominn aftur uppúr gjallarhorninu.